

Fundargerð – 569. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. var haldinn þriðjudaginn 13. maí 2025 kl. 16:00 í fundarsal Pure North í Hveragerði.

Mættir: Önundur Jónasson, Ingþór Guðmundsson, Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir (á Teams), Svavar Grétarsson, Páll Orri Pálsson varamaður í fjarveru Eiðs Ævarssonar og Steinþór Þórðarson sem ritaði fundargerð.

Aðrir: Sigurður Halldórsson, framkvæmdastjóri Pure North.

Dagskrá:

1. Kynning framkvæmdastjóra Pure North.
2. Stjórn skiptir með sér verkum.
3. Önnur mál.

1. Kynning framkvæmdastjóra Pure North

Sigurður fór yfir markmið og stefnu Pure North og kynnti tvær meginlínur í rekstrinum – plastendurvinnslu og ráðgjöf/hugbúnaðargerð.

2. Verkaskipting stjórnar

Sigurður Halldórsson vék af fundi.

Þar sem um fyrsta stjórnarfund frá aðalfundi að ræða fór fram kjör formanns og varaformanns. Enginn gaf kost á sér til formanns annar en sitjandi formaður, Önundur Jónasson og var framboð hans samþykkt. Ingþór Guðmundsson sat hjá við atkvæðagreiðslu. Svavar Grétarsson var einn í framboði til varaformanns og var framboð hans samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

3. Önnur mál.

Engin önnur mál voru tekin fyrir á fundinum.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18:00.

Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 10. júní 2025.

Fundargerð samþykkt með rafrænni undirritun.

Önundur Jónasson

Svavar Grétarsson

Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir

Páll Orri Pálsson

Ingþór Guðmundsson

Steinþór Þórðarson